

## FRÍSTUNDAHEIMILIÐ TÖFRASEL – MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Febrúar 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Sigrún Harpa Magnúsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
Frístundaheimilið Töfrasel .....	4
Greining .....	5
Stjórnun .....	7
Frístundastarf.....	8
Mannauður .....	10
Staðarbragur .....	11
Innra mat .....	12

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í Töfraseli sem fór fram í desember 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Matið fór fram 8.-11. desember 2015. Það byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í frístundaheimilinu og skriflegum gögnum frá frístundaheimilinu.

## FRÍSTUNDAHEIMILIÐ TÖFRASEL

Töfrasel er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í Árbæjarskóla, við Rofabæ 30, 110 Reykjavík. Það er starfrækt eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til klukkan 17:15.

Á heimasíðu Töfrasels kemur fram að markmið þess sé tvíþætt. Í fyrsta lagi að bjóða upp á skipulagða tómstundadagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í öðru lagi að bjóða foreldrum upp á skemmtilegan og öruggan stað fyrir börn þeirra að leika sér á þar sem eftirlit með börnunum er skilvirk og faglegt. Í Töfraseli leitast starfsfólk við að leiðbeina börnum í leikjum og ýmiss konar verkefnum, þar sem áhersla er lögð á samvinnu, venskap og skemmtun.

Forstöðumaður Töfrasels er Erna Bryndís Einarsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Berglind Ragnarsdóttir.

### **Styrkleikar:**

Jákvætt viðhorf er til stjórnenda meðal starfsfólks, barna og foreldra. Starfshópurinn vinnur vel saman og mikil starfsánægja er í hópnum. Starfsfólk er ánægt með upplýsingaflæði frá stjórnendum, þeir eru sýnilegir í starfinu og gott aðgengi er að þeim. Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð, verkaskipting og hlutverk hvers og eins er skýrt.

Foreldrar eru almennt ánægðir með frístundastarfið, viðmót starfsfólks og framkomu þess við börnin. Þeir sögðu stjórnendur leggja sig fram um að koma til móts við börnin og þau væru örugg á frístundaheimilinu. Virkt samstarf er milli frístundaheimilisins og ýmissra fyrirtækja og stofnana í grenndarsamfélaginu í tengslum við vettvangsferðir barna í 4. bekk.

Í Töfraseli leggur starfsfólk sig fram um að börnunum líði vel og liðsandi starfsfólks einkennist af samábyrgð.

### **Tækifæri:**

Gera þarf aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið og kynna hana fyrir starfsfólki.

Tækifæri liggja í því að hvetja og efla starfsfólk til að leita leiða til að efla sig og þróa í starfi, m.a. með því að hafa símenntunaráætlun og með því að skapa formlegan vettvang fyrir starfsmenn til að hafa áhrif.

Gera má enn betur í að innleiða lýðræðislega þátttöku barna. Ekkert formlegt barnaráð er í Töfraseli og mikilvægt er að stofna það til að leita markvisst eftir sjónarmiðum barna um starfsemina. Engin fastur tengiliður er við grunnskólann og mikilvægt að bæta úr því. Forstöðumaður situr ekki nemendaverndarráðsfundi þegar við á og þar er tækifæri til að efla samstarf og faglega móttöku þeirra nemenda sem koma í frístundaheimilið.

Mikilvægt er að allir starfsmenn fari í starfsþróunarviðtal eða frammistöðuviðtal a.m.k. einu sinni á ári og endurskoða ætti það fyrirkomulag að forstöðumenn taki viðtölin saman.

Innleiða þarf innra mat með formlegum hætti með þátttöku allra hagsmunaaðila.

## Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt gott verklag flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar og ráðstafanir í daglegum rekstri	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

**Það sem vel er gert:**

- Samstarf starfsfólks og forstöðumanna er mjög gott.
- Foreldrar og börn eru ánægð með samskipti við forstöðumenn.
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í frístundaheimilið.
- Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð, verkaskipting og hlutverk hvers og eins er skýr.
- Óformleg endurgjöf frá stjórendum er hluti af daglegu starfi.
- Starfsmenn fá kynningu á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar
- Starfsmenn sem byrja að hausti fá grunnfræðslu um starfið.
- Við nýráðningar starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningarferli.
- Ársskipulag viðburða er aðgengilegt
- Starfsmenn hafa fengið fræðslu í skyndihjálpi.
- Rýmingaráætlun liggur fyrir.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn með sérþarfir.
- Fundir með börnum í 3. bekk hafa verið haldnir að vori sem fylgt er eftir með tveimur fundum í 4. bekk (að hausti og í janúar).
- Ánægja er með vettvangsferðir elstu barnanna í frístundaheimilinu.
- Forstöðumaður situr skilafundi vegna barna sem koma úr í leikskólanum.

**Tækifæri til umbóta:**

- Gera ætti aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið Töfrasel og kynna fyrir starfsfólki.
- Hvetja ætti starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Skapa formlegan vettvang fyrir starfsmenn til að hafa áhrif.
- Huga þarf að því að uppfæra heimasíðu Töfrasels reglulega.
- Tryggja að allir starfsmenn fái formlega endurgjöf (frammistöðuviðtal eða starfsþróunarviðtal) a.m.k. einu sinni á ári.
- Kynna áætlanir fyrir starfsmönnum, s.s. ábyrgð og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála, áætlun gegn einelti og jafnréttisáætlun.
- Vinna þarf eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál.
- Rýmingaráætlun þarf að gera reglulega með börnum og starfsfólki.
- Leita þarf fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarhorn barna.
- Stofna þarf formlegt barnaráð til að leita markvisst eftir sjónarmiðum barna.
- Leita þarf leiða til að fá fram sjónarmiði foreldra varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins, t.d. með könnunum eða hugmyndakassa.
- Leita eftir því að Töfrasel hafi fastan tengilið í grunnskólanum
- Endurskoða ætti það fyrirkomulag að forstöðumenn taki viðtal saman (frammstöðuviðtal eða starfsþróunarviðtal).
- Gera símenntunarstefnu.
- Huga að formlegu mati á starfinu með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra.

**Það sem vel er gert:**

- Á frístundaheimilinu er velferð barna höfð að leiðarljósi.
- Starfsfólk gefur sér góðan tíma til að spjalla við börnin og taka þátt í umræðum og leikjum.
- Hugað er að góðri líðan barnanna og áhersla er á góð og jákvæð samskipti innan hópsins.
- Börnin hafa val um frjálsan leik og skipulagt starf og komið er til móts við þau þegar þau vilja skipta um viðfangsefni.
- Útivera er hluti af daglegu starfi og nærumhverfið er nýtt.
- Salur í grunnskólanum er nýttur fyrir hreyfingu og frjálsan leik
- Gott skipulag er á verkaskiptingu og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi.
- Móttaka og brottför barnahópsins er með skipulögðum hætti.
- Vel er haldið utan um skipulagðar vettvangsferðir fyrir 3.-4. bekk og mikil ánægja er með þær.
- Fundur er haldinn með börnum í 4. bekk til að fá fram hugmyndir þeirra.
- Börnin eru hvött til að ganga vel um, m.a. til að ganga frá eftir nesti.
- Einstaklingsáætlun er unnin fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda.
- Dagatal frístundaheimilis fyrir starfstímabilið 2015-2016 liggur fyrir.
- Skipulag frístundaheimilisins er kynnt fyrir foreldrum barna í 1. bekk að hausti.
- Upplýsingagiöf til foreldra er með skipulögðum hætti í tölvupósti, á fésbókarsíðu og dagskrá hangir uppi á veggjum í Töfraseli.
- Gott aðgengi er að húsnæðinu og innan þess fyrir hjólastóla.
- Boðið er upp á hollan og fjölbreyttan mat.
- Foreldrar eru ánægðir með frumkvæði og jákvæðni í samskiptum starfsfólks.
- Foreldrar eru ánægðir með jafna kynjaskiptingu í starfsmannahópnum.

**Tækifæri til umbóta:**

- Æskilegt er að gera tjáningu barna hærra undir höfði, s.s. með leiklist, lestri, dansi eða annarri tjáningu fyrir framan hóp.
- Fjölga mætti þemadögum, sýningum, keppnum eða öðrum reglulegum viðburðum
- Skipuleggja ætti markvisst hópastarf/klúbbastarf.
- Efla ætti samráð við grunnskóla um samnýtingu á húsnæði enn frekar, t.d. fyrir klúbbastarf.
- Skoða mætti að bjóða upp á sköpun með opin efnivið í Skröltstofu
- Tækifæri liggja í því að auka þátttöku yngri barna í markvissum vettvangsferðum og heimsóknum.
- Leita ætti leiða til að gera heilsueflandi þætti hluta af markvissum áhersluþáttum í starfinu.
- Efla ábyrgð barnanna enn frekar með þátttöku í daglegu starfi í samræmi við aldur og þroska.
- Vinna markvissar með barnalýðræði í ákvarðanatöku og starfsáætlunarvinnu.
- Leita fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið barna.
- Tryggja að starfsmenn fái tækifæri til að lesa einstaklingsáætlanir.



- Huga þarf að auknu samstarfi við Árbæjarskóla og leikskóla í hverfinu varðandi móttöku á börnum með annað móðurmál en íslensku og hafa upplýsingar aðgengilegar á erlendum tungumálum á heimasíðu.
- Gera jafnréttisáætlun Ársels aðgengileg á heimasíðu.
- Uppfæra heimasíðu Töfrasels reglulega.
- Bæta þarf hljóðvist í sal og á göngum.

**Það sem vel er gert:**

- Starfsandinn er góður og starfsfólk er ánægt með samskiptin innan hópsins.
- Starfsfólk er ánægt í starfi og líður vel í vinnunni.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af jákvæðni, virðingu og umhyggju.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og finnst það geta haft áhrif á starfið.
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Starfsfólk er ánægt með upplýsingaflæðið og finnst það fá nauðsynlegar upplýsingar um starfið frá stjórnendum.
- Starfsfólk gefur sér tíma til að ræða við börnin og hlusta á þau.
- Allir starfsmenn eru virkir í starfinu og taka þátt í leiknum þegar það á við.

**Tækifæri til umbóta:**

- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái kynningu á lögum og reglugerðum sem snúa að frístundastarfi með börnum.
- Æskilegt væri að efla faglega umræðu í starfsmannahópnum, t.d. á reglulegum fundum stjórnenda og starfsfólks og með markvissri fræðslu.
- Huga mætti að því að hafa meiri aldursdreifingu í starfamannahópnum.
- Endurgjöf mætti vera markvissari, t.d. með reglulegum frammistöðuviðtölum við starfsmenn.
- Kynna ætti starfsskrá frístundamiðstöðva fyrir starfsfólki.

**Það sem vel er gert:**

- Frístundaheimilið er heimilislegt og mikið lagt upp úr því að skapa notalegt og þægilegt andrúmsloft.
- Samskipti barna og fullorðinna og innan starfsmannahópsins einkennast af umhyggju og virðingu.
- Starfsfólk tekur vel á móti gestum og leggur sig fram um að kynna starfið sem best.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með samskiptin við starfsfólk.
- Mjög vel er tekið á móti börnunum og sérstakur starfsmaður ber ábyrgð á að merkja við á mætingarlista þegar börnin koma og fara.
- Börnunum líður almennt vel á frístundaheimilinu og eru ánægð með viðfangsefnin sem þau eru að fást við.
- Samskiptin milli barnanna eru góð og samskipti barna og starfsfólks eru uppbyggileg og einkennast af umhyggju og virðingu.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir barnanna.
- Starfsfólk veitir börnunum athygli og börnin eiga greiðan aðgang að starfsmönnum.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með frístundaheimilið, viðmót starfsmanna og framkomu þeirra við börnin.
- Stjórnendur leggja sig fram við að koma til móts við óskir og ábendingar foreldra.
- Foreldrar hafa gott aðgengi að stjórnendum.
- Foreldrum finnst börnin vera örugg á frístundaheimilinu og finnst góð samfella í degi barnanna.
- Foreldrar eru ánægðir með verkefnin sem börnin fást við á frístundaheimilinu.

**Tækifæri til umbóta:**

- Birta ætti dagskrá frístundaheimilisins lengra fram í tímann.
- Mikilvægt er að starfsfólk nái að eiga einhver samskipti við foreldra þegar þeir koma að sækja börnin.
- Mikilvægt er að starfsmenn kveðji börnin þegar þau fara, ekki bara í anddyri, heldur á þeim svæðum sem þau hafa verið á.
- Endurskoða ætti skráðar og óskráðar reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og starfsfólks.
- Gera þarf reglurnar skýrari og sýnilegri.
- Starfsfólk þarf að vera samtaka við að framfylgja reglunum.
- Gera ætti áætlun um foreldrasamstarf þar sem fram koma helstu áherslur, t.d. kynningar og viðburðir sem foreldrum er boðið að taka þátt í.
- Æskilegt væri að senda upplýsingar um starfsfólk með tölvupósti til foreldra, t.d. hver er með hvaða aldurshóp.

## INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.